

# Úrdráttur úr fundargerðum Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis 2000.

## 1. Fundir og dagskrárliðir.

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis hélt 12 (15) fundi á árinu og á þeim fundum voru teknir fyrir 550 ( 556) dagskrárliðir. Innan sviga eru tölur frá 1999.

Heilbrigðisnefnd var þannig skipuð:

Formaður: Árni Sverrisson  
Varaformaður: Sigrún Ingólfssdóttir  
Jón Bjarni Þorsteinsson  
Sigurlaug Sigurðardóttir  
Sigurgeir Ólafsson  
Gestur Pétursson  
Sigfríður Ingvarsdóttir

Varamenn: Þorsteinn Njálsson  
Þóra Guðnadóttir  
Sigurveig Sæmundsdóttir  
Guðmunda Sigurðardóttir  
Guðrún Árnadóttir  
Jón Gunnlaugsson  
Örn Sigurðsson

Dagskrárliðir skiptast á eftirfarandi hátt eftir málaflokkum. Sum mál komu til umræðu á fleiri en einum fundi.

Almenn heilbrigðismál og málefni sem tengjast heilbrigðisreglugerð, varasömum efnum o.þ.h	198 (95)
Matvælamálefni	141 (164)
Umhverfismál og mengunarvarnir	180 (246)
Rekstur heilbrigðiseftirlitsins og almenn stjórnýsla	31 (51)

## 2. Almenn heilbrigðismálefni.

Heilbrigðisnefnd úrskurðaði í einu máli í kjölfar af hundsbiti. Breytingatillaga var gerð á heilbrigðissamþykkt um kattahald í Hafnarfirði.

158 umsóknir voru teknar til umræðu, þar sem eftirlit byggist fyrst og fremst á ákvæðum heilbrigðisreglugerðar.

46 umsóknir fyrir nýja starfsemi.

112 umsóknir vegna endurnýjunar.

### Fjöldi umsókna um starfsleyfi, flokkuð eftir starfsemi og staðsetningu.

	Bessastaða- hreppur	Garðabær	Hafnar- fjörður	Kópavog- ur	Alls.
Daggæsla og leikskólar	1 (0)	7 (0)	27 (1)	17 (3)	52(4)
Gististaðir	0 (0)	0 (1)	2 (3)	3 (2)	5 (6)
Snyritstofur hver konar	0 (0)	6 (3)	20 (5)	10 (9)	36 (17)
Heilbrigðis- og meðferðarst.	1 (0)	6 (3)	22 (5)	7 (11)	36 (19)
Skólar	2 (0)	1 (4)	10 (5)	2 (5)	15 (14)
Annað	0 (0)	5 (1)	4 (6)	5 (5)	14 (12)
<b>Alls</b>	<b>4 (0)</b>	<b>25 (12)</b>	<b>85 (25)</b>	<b>44 (35)</b>	<b>158 (72)</b>
Óafgreiddar umsóknir	0 (0)	0 (1)	0 (3)	1 (0)	1 (4)

3 jákvæðar umsagnir voru gerðar vegna reksturs gististaða.  
20 beiðnir bárust um umsagnir vegna leyfa til áfengisveitinga.  
Umsögn var gerð vegna frágangs fráveitulagna í kirkjugarði og um drög að hollustuháttareglugerð.

Heilbrigðisnefnd ræddi sérstaklega framkvæmd eftirlits með hundahaldi í tengslum við ársskýrslu 1999. Eftirlit með framkvæmd tóbaksvarnalaga í framhaldi af úttekt á notkun tóbaksvarnaskilta í verslunum sem selja tóbak svo og tvær skýrslur um samstarfsverkefni heilbrigðiseftirlitsins og Hollustuverndar ríkisins um merkingu efnavara.

### 3. Matvælaeftirlit.

Nefndin fylgdist með umræðu um campylobacter sýkingar í fólki og hugsanlegum tengslum þeirra sýkinga við mengun í alifuglum. Einnig kom til umræðu salmonellufaraldur sem kom upp á árinu.

Einu fyrirtæki var hótað að beitt yrði þvingunarúrræðum ef ekki yrði bætt úr umgengni og þrifum innan dyra.

Nefndin fékk til meðferðar kvörtun nágranna um ólykt frá fiskbúð. Ekki þótti ástæða til aðgerða.

Neysluvatnsvernd og framkvæmd eftirlits með neysluvatni og vatnsverndarsvæðum kom til umræðu á sjö fundum.

Ítarleg umræða fór fram í nefndinni um eftirlit með matsölustöðum og notkun þrifa- og hreinlætisprófa í þeim tilgangi.

73 umsóknir um starfsleyfi voru teknar til umræðu, þar sem eftirlit byggist fyrst og fremst á matvælalögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

29 umsóknir fyrir nýja starfsemi.

44 umsóknir vegna endurnýjunar.

#### **Matvælaeignir. Fjöldi umsókna um starfsleyfi flokkuð eftir starfsemi og staðsetningu.**

	Bessastaða- hreppur	Garðabær	Hafnar- fjörður	Kópavogur	Alls.
Kjötvinnskur	0 (0)	0 (0)	1 (5)	0 (1)	1 (6)
Önnur vinnsla	0 (0)	3 (1)	5 (9)	0 (5)	8 (15)
Verslanir	0 (0)	2 (1)	16 (14)	9 (9)	27 (24)
Veitingastaðir	0 (0)	0 (2)	16 (14)	9 (8)	25 (24)
Mötuneyti / veislubjónusta	0 (0)	1 (4)	2 (4)	3 (1)	6 (9)
Annað	0 (0)	1 (3)	4 (1)	1 (1)	6 (5)
<b>Alls</b>	<b>0 (0)</b>	<b>7 (11)</b>	<b>44 (47)</b>	<b>22 (25)</b>	<b>73 (83)</b>

37 umsagnir voru veittar vegna veitingaleyfa.

2 umsagnir voru veittar vegna draga að reglugerðum.

Í sex tilfellum var veittur lengri frestur til fyrirtækja til að koma á innra eftirliti hjá sér í framhaldi af erindum þar um.

#### **4. Mengunarvarnir og almennt umhverfiseftirlit.**

Helstu málefni til umræðu og/eða afgreiðslu voru:

Samþykkt voru almenn starfsleyfisskilyrði og sértækar kröfur vegna stálsmíði, málmsteypu, ryðvarnarverkstæða og fyrir meðhöndlun og förgun rafgeyma.

Gerð var tillaga að heilbrigðissamþykkt um umgengni og þrifnað utan hús sem síðar var samþykkt af sveitarstjórnunum og staðfest af umhverfisráðuneyti sem heilbrigðissamþykkt.

Lóðarhreinsun á einstökum lóðum og svæðum kom til umræðu á sjö fundum og farin var sérstök vettvangsferð í fiskvinnsluhverfið við Eyrartröð í Hafnarfirði í framhaldi af kvörtun frá nálægri íbúðabyggð.

Ítarlegi umræðu var fram haldið til undirbúnings stefnumörkunar í úrgangsmálum. Farið var í heimsóknir til Furu ehf og Gámaþjónustunnar ehf. í Hafnarfirði.

123 umsóknir um starfsleyfi voru teknar til umræðu, þar sem eftirlit byggist fyrst og fremst á ákvæðum í mengunarvarnareglugerðum.

76 umsóknir fyrir nýjar starfsemi.

47 umsóknir vegna endurnýjunar.

Starfsleyfi sem voru samþykkt samkvæmt ákvæðum mengunarvarnareglugerðar alls 110. Einni umsókn var synjað vegna ófullnægjandi gagna.

Athugasemdir voru gerðar við auglýsingu eins starfsleyfis.

**Mengunarvarnareglugerð. Fjöldi umsókna um starfsleyfi flokkuð eftir starfsemi og staðsetningu.**

	Bessastaða-hreppur	Garðabær	Hafnarfjörður	Kópavogur	Alls.
Bílgreinin og bensínstöðvar.	0 (0)	2 (29)	7 (17)	31 (31)	40 (50)
Bílapartasölur	0 (0)	0 (0)	0 (7)	0 (1)	0 (8)
Efnalaugar	0 (0)	0 (0)	2 (1)	0 (1)	2 (2)
Fiskvinnsla	0 (0)	0 (0)	7 (18)	0 (4)	7 (22)
Heitloftsþurrkun	0 (0)	0 (0)	0 (2)	0 (0)	0 (2)
Prentið/framköllun	0 (0)	0 (0)	0 (8)	3 (10)	3 (18)
Málmiðnaður	0 (0)	7 (2)	5 (16)	23 (3)	35 (21)
Trésmíðaverkst.	0 (0)	0 (4)	1 (6)	5 (2)	6 (12)
Annað	0 (0)	5 (2)	3 (8)	9 (3)	17 (13)
<b>Alls</b>	<b>0 (0)</b>	<b>14 (10)</b>	<b>25 (83)</b>	<b>72 (55)</b>	<b>110 (148)</b>
Óafgreiddar umsóknir	0 (0)	3 (1)	3 (0)	6 (0)	

Umsagnir voru gerðar um:

Átaksverkefnið fegurri sveitir til bæjarráðs Hafnarfjarðar.

Kvörtun um slæma umgengni utandyra við verslun til bæjarráðs Hafnarfjarðar.

Nýbyggingu á vatnsverndarsvæði til bæjarráðs Garðabæjar.

Kröfur vegna mengunarvarna til fyrirtækja sem ekki þurfa ítarlega starfsleyfisgerð til Hollustuverndar ríkisins.

Undirbúningsvinnu við gerð Staðardagskrár 21 í Hafnarfirði til bæjarráðs Hafnarfjarðar.

Umhverfisstefnu fyrir Garðabæ til bæjarráðs Garðabæjar.

Starfsleyfi fyrir malbikunarstöð í Hafnarfirði til Hollustuverndar ríkisins.

Undanþágu frá starfsleyfi fyrir litboltavöll í Kópavogi til Umhverfisstofnunar.